

11. fundur skólanefndar

| | |
|---------------------|---|
| Mættir: | Flosi Eiríksson formaður, Halldóra Guðmundsdóttir, Finnur Beck, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Arnar Örn Ingólfsson fulltrúi nemenda og Andrés Pétursson |
| Forfallaðir: | Kolbeinn Óttarsson Proppé boðaði forföll og sat Halldóra Guðmundsdóttir fundinn í hans stað. Einnig boðaði Alda Breiðfjörð fulltrúi forelda forföll. |
| Staður: | Þjónarými |
| Tími: | Kl. 12:00-13:20 <u>Dags.: 10. mars 2015</u> |

| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
|-----|--|--------|---------|
| | Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. | FE | |
| 1. | Ársskýrsla MK 2014 | MF | 35 mín. |
| | Skólameistari dreifði eintaki af Ársskýrslu MK og fór yfir helstu liði hennar. Umræða um skýrsluna. Stjórnarmenn ánægðir með skýrsluna og þann yfirgripsmikla fróðleik sem í henni er. | | |
| 2. | Rekstrarreikningur 2014 | MF | 10 mín. |

| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
|-----|--|--------|---------|
| | <p>Skólameistari kynnti rekstrarreikning fyrir skólann árið 2014 Þar kemur fram að rekstrarkostnaður var kr. 1.054.221.263,- og rekstrartekjur 1.041.985.257. Skólinn var því rekinn með rúmlega 12 milljón króna halla innan ársins en niðurstaða að teknu tilliti til rekstrarafgangs fyrra árs er í plús um kr. 10 milljónir sem er betri árangur en gert var ráð fyrir í áætlun. Þetta er hins vegar ekki endanlegt uppgjör því Fjársýsla ríkisins hefur ekki gengið frá ársreikningi. Skólameistari þökkalega sátt með þann árangur því þetta er um 1% frávik frá fjárlögum. Einnig þegar haft er í huga að mikill samdráttur hefur verið í framlögum til skólanna á sama tíma og nemendum hefur fjölgað.</p> | | |
| 3. | Vinnumat og ný skólanámskrá H2015 | | 30 mín. |
| | <p>Skólameistari fór yfir helstu atriði nýs vinnumats sem kennarar felldu reyndar nýlega. Umræða um þá stöðu sem upp er komin vegna þeirrar niðurstöðu. Einnig lagði skólameistari fram drög að nýrri námsskrá vegna styttingar náms til stúdentsprófs í þrjú ár. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að kenna eftir þeirri námsskrá næsta haust.</p> | | |
| 4. | Önnur mál | | 5 mín. |
| a | Sagt frá Opnu húsi sem verður miðvikudaginn 11. mars kl.17.00 | | |
| b | Umræða um hvernig best er að standa að því að tengja eldri nemendur, kennara og starfsfólk við MK. | | |
| | | | |
| | Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20 | FE | |

Andrés Pétursson

ritaði fundargerð

Uppfært mánudagur, 10 ágúst 2015 13:31